

32
19. maí

L Ö G

um

Menntaskóla á Akureyri.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Á Akureyri skal vera skóli með fjórum óskiptum bekkjum, er nefnist Menntaskólinn á Akureyri. Skal hann, þar til öðruvísi verður ákveðið með lögum, starfrækja gagnfræðadeild með þrem bekkjum, og er heimilt, með samþykki kennslumálaráðuneytisins, að skipta einum þeirra.

2. gr.

Takmark skólans er að búa nemendur undir athafnalíf bæði í andlegum og verklegum efnum og gera þá hæfa til að stunda nám við háskóla og aðrar æðri menntastofnanir.

3. gr.

Skólinn er samskóli fyrir piltá og stúlkur.

4. gr.

Í Menntaskólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslenzku og íslenzk fræði, norðurlandamál, ensku, þýzku, frönsku, latínu, sagnfræði, trúarbrögð, félagsfræði, bókmenntafræði og listasögu, náttúrufræði, eðlisfræði og efnafræði, stærðfræði, bókfærslu, líkamsæfingar, söng, dráttlist og hagnýt vinnubrögð.

Heimilt skal kennslumálaráðuneytinu að fjölga eða fækka námsgreinum, ef skólameistari mælir með breytingunni.

5. gr.

Íslenzk tunga og náttúruvísindi skulu vera höfuðnámsgreinar í skólanum. Lesskrá skal haga svo, að auðvelt sé að halda nemendum til sjálf-

stæðra námsiðkana, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til. Vandlega skal gæta þess, að ofþreyta ekki nemendur með náminu.

32

19. maí

6. gr.

Í hverjum bekk skal haldið árspróf. Lokapróf Menntaskólans er stúdentspróf. Ljúka má námi í einstökum námsgreinum í öðrum og þriðja bekk Menntaskólans, en þá skal um prófdómendur í þeim greinum fara eins og um stúdentspróf, enda skulu þær einkunnir og taldar á stúdentsprófskírteinum.

Við árspróf skulu vera 2 prófdómendur, annar úr flokki kennara, hinn skipaður af kennslumálaráðuneytinu, en við stúdentspróf 2 prófdómendur, skipaðir af því.

Heimilt er skólameistara að sleppa nemanda við árspróf, enda hafi hann löfsamlega einkunn eftir veturinn.

7. gr.

Um einkunnastiga og einkunnagjöf skal ákveða í reglugerð. Þá skal og í reglugerð setja nánari ákvæði um inntökupróf, bekkjarpróf og stúdentspróf.

8. gr.

Heimilt er utanskólamönnum að taka próf úr öllum bekkjum Menntaskólans. Þeir, sem standast prófin í fyrstu þrem bekkjum skólans, hafa leyfi til að setjast í skólann, eftir því sem húsrúm og kennaratala leyfir. Ef fleiri ná prófi inn í bekk en hægt er að veita inntöku, ræður prófeinkunn úrslitum. Skólameistari má þó bregða út af þessari reglu, ef úrlausn nemanda í einhverri grein sannar, að hann sé gæddur frábærlega góðum gáfum.

9. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í Menntaskólann: 1) Að þeir, sem setjast í fyrsta bekk, verði að minnsta kosti 16 ára það ár, sem þeir stunda nám í bekknum. Þó getur kennslumálaráðuneytið veitt einkar þroskuðum nemendum undanþágu, ef þeir eru orðnir 14 ára. Aldurstakmark þeirra, sem setjast í aðra bekki, svarar til inntökualdurs. 2) Að þeir séu ekki haldnir neinum næmum sjúkdómi. 3) Að siðferði þeirra sé óspillt.

10. gr.

Til þess að vera tekinn í fyrsta bekk Menntaskólans verður nemandinn að standast próf í þessum greinum: 1) Í islenzku: Geta ritað venjulegt mál ritvillulítið, þekkja aðaleinkenni islenzkrar málfræði og höfuðdrætti í islenzkum bókmenntum, bæði á þjóðveldistímanum og síðan um 1800. 2) Í norðurlandamálum: Skilja og geta lesið nokkurnvegin rétt venjulegt bókmal á dönsku eða sænsku og geta ritað villulitinn stíl almenns efnis á öðruhvorum því máli. 3) Í ensku: Geta auðveldlega þýtt ólesið létt mál og gert villulitinn stíl um auðvelt efni. 4) Í þýzku: Hafa numið undirstöðuatríði málsins, eftir nán-

- 32 ari ákvæðum kennslumálastjórnarinnar. 5) Vera leikinn í að reikna brot og 19. maí tugabrot, vaxtareikning og almennustu þætti flatarmáls- og rúmmálsfræði. 6) Í sögu: Hafa glöggst yfirlit um æfi frægra manna og megingímabil og atburði í sögu Íslands og almennri veraldarsögu. 7) Í náttúrufræði: Hafa numið líkamsfræði, almenna grasafræði og dýrafræði. Ennfremur aðaldrætti í þróunarsögu jarðarinnar og landsins. 8) Í landafræði: Hafa numið almenna landafræði og vera leikinn í að nota landabréf.

11. gr.

Kennslustundir í hverjum bekk skulu vera 30—33 á viku. Á laugardögum skal kennsla eigi standa lengur en til hádegis.

12. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september. Kennslu og prófum ár hvert skal lokið 30. maí, nema í þriðja og fjórða bekk skólans enda prófin í júní. Um skólaleyfi skal ákveðið í reglugerð.

13. gr.

Fastir kennarar skulu vera 7 og er einn þeirra jafnframt skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, kennslu allri, húsum skólans og áhöldum. Skólameistari hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis í skólahúsinu, ljóss og hita. Fyrir umsjón með heimavist nemenda og risnu vegna skólans fær skólameistari 2000 kr.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Skólameistari og kennarar njóta dýrtíðaruppbótar eftir launalögum.

Skólameistari ræður aukakennara og stundakennara eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum. Svo skal og leita álits skólameistara um skipun fastra kennara.

14. gr.

Skólameistari skal kenna 12 stundir á viku, en fastir kennarar 26 stundir. Heimilt er kennslumálastjórninni að fækka um 2—4 stundir skyldukennslu skólameistara eða fastra kennara, sem hafa mikil aukastörf við skriflegar úrlausnir, eða önnur sérstök aukastörf í þágu nemenda og skólans.

15. gr.

32

19. maí

Til þess að geta orðið skipaður fastur kennari við skólann þarf umsækjandi að hafa tekið kennarapróf við háskóla í kennslugreinum sínum, hafa kynnt sér allitarlega kennsluaðferðir og heimilisbrag í nokkrum samskonar skólum og hafa sýnt með að minnsta kosti eins árs reynslu við skólann, að hann hafi kennarahæfileika og manndóm til að gegna slíkri stöðu.

Heimilt er þó að veita undanþágu frá fyrsta ákvæðinu að því er snertir kennara, sem nú starfa við skólann, og aðra umsækjendur, sem með afburðum í kennslu hafa sýnt, að þeir séu eftirsóknarverðir starfsmenn við skólann.

16. gr.

Skólameistari boðar til kennarafunda og stýrir þeim. Kennarafundi skulu fastir kennarar og aukakennarar skólans sækja, og hafa þeir atkvæðisrétt. Ennfremur sækja þeir stundakennarar fundi, er þess óska, eða skólameistari kveður til sérstaklega, en eigi hafa þeir atkvæðisrétt.

17. gr.

Skólameistari ræður skólalækni til 3 ára í senn, og skal hann lita eftir heilbrigði nemenda og hollustuháttum skólans.

18. gr.

Kennslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn skólans.

19. gr.

Í heimavist skólans skulu þeir nemendur, er þar búa, njóta ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, og ganga utanbæjarnemendur þar fyrir. Nemendur úr Menntaskólanum skulu hafa rétt til $\frac{2}{3}$ hluta heimavistanna, en nemendur úr gagnfræðadeild til $\frac{1}{3}$ hluta. — Skyld er kennurum skólans að hafa umsjón með heimavist og vinnu nemenda í bókasafni skólans, þegar skólameistari óskar þess, gegn þóknun, sem ráðuneytið samþykkir.

20. gr.

Um gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri fer eftir reglugerð, sem kennslumálaráðuneytið setur.

21. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð fyrir skólann, er kveður nánar á um einstök atriði, er hann varða, svo sem verkvið skólameistara og kennarafunda,

32 umsjón með skólahúsi, skyldur kennara til umsjónar með nemendum skólans, 19. maí skólaleyfi og annað, er þurfa þykir.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20, 9. júlí 1909, um gagnfræðaskólann á Akureyri, svo og öll önnur ákvæði, sem fara í bág við þessi lög.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.

33

19. maí

L Ö G

um

löggilding verzlunarstaðar í Selárvík í Árskógshreppi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í Selárvík í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Löggilding þessi kemur til framkvæmda, þegar atvinnumálaráðuneytið